

Kennsluáætlun í sögu fyrir 6. bekk 2022-23.

Haustmisseri.

Námsefni: Guðmundur J. Guðmundsson: Þættir úr Íslandssögu. Frá sjálfstæðisbaráttu til búsáhaldabyltingar. Árni Indriðason. Stjórnarskráin: Almenn samantekt fyrir 6. bekk, 2014. Heftið allt, 30 síður.

Á haustmisseri er saga sjálfstæðisbaráttu Íslendinga rakin frá upphafi, þ.e. 1830. Fjallað er um júlíbyltinguna 1830, áhrif hennar á Baldvin Einarsson og baráttuna fyrir íslensku stéttaþingi. Þá er rakin þróunin eftir afnám einveldis í Danmörku í kjölfar byltingarinnar 1848 og áhrif Jóns Sigurðssonar rannsökuð. Þegar komið er fram til ársins 1874 er stjórnarskrá Íslands lesin og stjórnskipan landsins skýrð. Farið er yfir hvern þátt þrískiptingar ríkisvaldsins og síðan mannréttindakafla stjórnarskrárinnar, fjallað stuttlega um hvernig hún er til komin og upprunalegt innihald hennar, en sérstaklega hvernig hún er í dag. Þá er í kjölfarið rakin saga Íslands með tilliti til stjórnmaláþróunar, breytinga í verslun og framfara í sjávarútvegi og landbúnaði að minnsta kosti fram til ársins 1945. Þar sem verið er að kenna nýja kennslubók í fyrsta skipti er óvíst hversu langt við komumst fram yfir 1945. Markmiðið er að nemendur öðlist greinargóða þekkingu á eigin sögu, sjálfsmynd og umhverfi, hvernig Ísland varð sjálfstætt ríki og breytingunni frá landbúnaðarsamfélagi yfir í þróað iðnríki.

Farið er yfir 10-15 bls. á viku.

Vormisseri.

Námsefni: Guðmundur J. Guðmundsson og Ragnar Sigurðsson: Þættir úr sögu vestrænnar menningar: Frá 1848 til okkar daga, bls. 18-51 & 62-119.

Á vormisseri er tekin fyrir saga Evrópu og Ameríku frá miðri 19. öld og fram yfir lok seinni heimsstyrjaldar. Byrjað er á stuttri kynningu á hugmyndastefnum 19. aldar og helstu fulltrúum þeirra. Þá er fjallað um sameiningu Þýskalands og Ítalíu og áhrif þess á framvindu Evrópusögunnar. Saga stéttaátaka og stjórnmaláþróun hjá stórþjóðum Evrópu og Ameríku er tekin fyrir, þ.e. hjá Þýskalandi, Ítalíu, Frakklandi, Rússlandi og Bandaríkjunum. Þá er fjallað um aðdraganda fyrri heimsstyrjaldarinnar, heimsstyrjöldina sjálfa og Versalasalninginn, millistríðsárin, tilurð og áhrif fasisma, nasisma og valdatöku bolsévika í Rússlandi og að lokum heimsstyrjöldina síðari og upphaf kalda stríðsins. Markmiðið er að nemendur öðlist greinargóðan söguskilning og skilji samhengi nýliðinnar fortíðar við nútímann og atburði í dag. Farið er yfir 10-15 bls. á viku. Námsefni fyrir utanskólanemendur á ársgrundvelli:

Guðmundur J. Guðmundsson: Þættir úr Íslandssögu. Frá sjálfstæðisbaráttu til búsáhaldabyltingar.

Árni Indriðason. Stjórnarskráin: Almenn samantekt fyrir 6. bekk, 2014. Heftið allt.

Guðmundur J. Guðmundsson & Ragnar Sigurðsson. Þættir úr sögu vestrænnar menningar: Frá 1848 til okkar daga, bls. 6-119.